

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

65. fundur.

að Hlíðavegi 6, 22. október 2009, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Erindi frá sýslumanni dags. 25. sept, þar sem óskað er umsagnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni, var frestað á fundi 8. október.
3. Svör sveitarstjórnar við athugasemdum sem bárust við auglýsta tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 til samræmingar við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, og minniháttar breytingu á svæðisskipulaginu.
4. Erindi frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti dags. 8. okt. beiðni um umsögn vegna endurskoðunar á jarða- og ábúðarlögum.
5. Viljayfirlýsing á milli Ríkisstjórnar Íslands, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Norðurþings.
6. Tilnefning í verkefnahóp.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 5 og 6 yrði bætt á dagskránnu.

Samþykkt samhljóða.

2. **Erindi frá sýslumanni dags. 25. sept, þar sem óskað er umsagnar um endurnýjað rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni, var frestað á fundi 8. október.**

Með bréfi er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar um framlengingu á rekstrarleyfi til handa Sigfúsi Haraldi Bóassyni fyrir parhúsið Birkihrauni 5 og 7. Sveitarstjórn hafði áður skilyrt leyfið til eins árs að uppfylltum þeim skilyrðum að vel yrði frá merkingum gengið og að bílastæði yrðu tryggð. Sveitarstjórn veit ekki annað en að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt, engar formlegar kvartanir hafa borist vegna þessa rekstrar hvorki til sveitarstjórnar né lögreglu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að framlengja rekstrarleyfið.

3. **Svör sveitarstjórnar við athugasemdum sem báurst við auglýsta tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 til samræmingar við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, og minniháttar breytingu á svæðisskipulaginu.**

Á fundi sveitarstjórnar 10. sept. s.l. var ákveðið að fela sveitarstjóra og skipulagshöfundu að fara yfir umsagnir og athugasemdir sem bárust við auglýstar breytingar á aðalskipulagi og svæðisskipulagi háhitasvæðanna.

Svör við athugasemdum vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps.

Landsvirkjun, bréf dagsett 03.09.2009

Titill greinagerðar og umhverfisskýrslu.

Tekið hefur verið tillit til athugasemdar LV og titlinum breytt. Titillinn verður „Breyting á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 vegna Kröfluvirkjunar II og orkuflutningslína“.

Ýmsar athugasemdir vegna lagfæringar á texta greinagerðar og umhverfisskýrslu.

Tillit hefur verið tekið til allra þessara athugasemda og orðalag og stafsetning lagfærð.

Umhverfisskýrsla. Í kafla 7.e.1 er fjallað um hugsanleg áhrif á vatnsból vegna efnistöku í Sandabotnaskarði sem er innan grannsvæðis vatnsverndar. Landsvirkjun bendir á að fyrirhugaðir borteigar á Sandabotnaffalli eru einnig innan grannsvæðis. Sömu leiðréttingar er þörf í kafla 8.

Fram kemur í kafla 7.e.1 að hluti orkuvinnslusvæðis Kröfluvirkjunar liggur innan grannsvæðis samkvæmt skýringaruppdrætti. Borteigar eru ekki skilgreindir í aðalskipulaginu og því ekki tilefni til að fjalla sérstaklega um staðsetningu þeirra í þessari breytingu. Staðsetning borteiga er skilgreind í deiliskipulagi.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, bréf dagsett 27. ágúst 2009

Heilbrigðiseftirlitið bendir á að um verndarsvæði vatnsbóla gilda ákveðin vatnsvernd, sbr. reglugerð nr. 796/1999 með síðari breytingum. HNE telur að það þurfi að fjalla með útarlegum hætti hvernig kröfum sem gerðar eru til mannvirkja og framkvæmda á grann- og fjarsvæðum vatnsbóla verði mætt. Sbr. reglugerð nr. 796/1999 með síðari breytingu um verndun vatns og reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra telur brýnt að Skútustaðahreppur, í samráði við Umhverfisstofnun, setji sérstakar öryggisreglur fyrir verktaka og annarra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðið til þess að fyrirbyggja óhöpp og /eða draga úr æskilegum áhrifum af völdum óhappa sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðunum.

Sveitarfélagið tekur undir þessar athugasemdir. Gert er ráð fyrir að frekari skilgreining á vatnsverndarsvæðum ásamt reglum um landnotkun og umgengi á þeim svæðum verði tekin fyrir í heildarendurskoðun Aðalskipulagsins. Einnig er gert ráð fyrir að þetta verði tekið fyrir í deiliskipulagi á síðari stigum og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

HNE leggur áherslu á að reynt verði að stilla í hóf fjölgun nýrra náma og ekki verði opnuð ný náma þar sem gróðurþekja er mikil. Reynt verði eftir mætti að vinna úr námum sem þegar eru opnar og frágangur eftir efnistöku verði sem allra bestur.

Samkvæmt breytingartillögunni er gert ráð fyrir fjórum nýjum námum, þar af er ein sem skiptist í sjö svæði sem eru mjög nálægt hvort öðru og eru í raun eitt svæði. Lítið er af gróðri á þessum svæðum.

Gert er ráð fyrir að í deiliskipulagi og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði kröfur um frágang í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps.

Umhverfisstofnun, bréf dagsett 21. ágúst 2009

Athugasemd vegna breytingar á iðnaðar- og orkuvinnslusvæðum, Vestursvæði, númerað 1a, og við Leirhnjúk, númerað 1b.

Í öllum tilvikum er verið að samræma afmörkun iðnaðar- og orkuvinnslusvæða aðalskipulagsins að samþykktu Svæðisskipulagi háhitasvæða Þingeyjarsýslna og þar með að framfylgja 9 gr. Skipulags- og byggingarlaga um að svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi.

Í umhverfisskýrslu vegna breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps er vísað í *Samantekt fyrir Skútustaðahrepp úr umhverfisskýrslu svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025* þar sem tekið er fram að “Stækkun orkuvinnslusvæðisins mun leiða af sér aukna mannvirkjagerð. Hve mikil áhrifin verða er háð staðsetningu og umfangi mannvirkja sem gerð verða skil í deiliskipulagi á síðari stigum og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.”

Hverfisverndarsvæði

Líkt og með iðnaðar- og orkuvinnslusvæðunum er verið að samræma aðalskipulagið að samþykktu Svæðisskipulagi háhitasvæða Þingeyjarsýslna.

Jarðefnavinnsla, malarnám

Gert er ráð fyrir að í deiliskipulagi og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda verði kröfur um frágang í samræmi við Aðalskipulag Skútustaðahrepps.

Veidifélag Mývatns, ódagsett

Veidifélag Mývatns gerir alvarlegar athugasemdir við áform um að breyta skipulagi Skútustaðahrepps til að stækka megi og fjölga jarðhitavirkjunum án þess að fram hafi farið heildarmat á neikvæðum áhrifum þessarar starfsemi á lífríki Mývatns og næsta nágrennis. Orkuvinnslusvæði við Kröflu eru auk flutningslína og virkjanavegar innan vatnasviðs Mývatns. Að mati félagsins ætti ekki að breyta skipulagi í þágu jarðhitavirkjana eða heimila fleiri framkvæmdir af því tagi fyrr en farið hefur fram vandað mat á allri efnamengun og heildaráhrifum hennar frá öllum þeim virkjunum sem nú starfa og sem áformaðar eru í Bjarnarflagi, við Kröflu, á Þeistareykjum og í Gjástykki.

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi til samræmis við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Í svæðisskipulaginu var lagt mat á heildaráhrif stefnu áætlunarinnar, byggt á nákvæmni þess og fyrirliggjandi upplýsingum. Það er á ábyrgð framkvæmdaaðila að gera grein fyrir hönnun og umhverfisáhrifum framkvæmda ásamt því hvernig dregið verður úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum þeirra. Jafnframt er unnið að sameiginlegu mati álvers, jarðhitavirkjana og háspennulína, sjá heimasíðu Skipulagsstofnunar www.skipulag.is

Veidifélagið telur að nú um stundir séu eitrefni í útblæstri og affalli frá borholum til orkuöflunar þeir mengunarvaldar sem hættulegastir geti verið vatninu og lífríki þess. Félagið telur brýnt að meta á hlutlægan hátt þessi áhrif á lífríkið, þar með talið á kísilþörungum og innstreymi þeirra til Mývatns.

Veidifélag Mývatns hefur áhyggjur af því að stóraukin nýting jarðhita til orkuvinnslu í Mývatnssveit og næsta nágrenni kunni að valda alvarlegri mengun á vatnasvæði Mývatns. Félagið telur raunar óforsvaranlegt, bæði gagnvart fyrirtækjum sem í hlut eiga og almenningi, að eftirlit og vöktun sé að öllu leyti lagt á virkjunaraðila og aðra sem leyfi hafa til rekstrar mengandi starfsemi.

Það er á hendi framkvæmdaraðila að gera grein fyrir hönnun framkvæmda, líklegum áhrifum þeirra og starfsemi þeim tengdum. Tekið er á mengunarmörkum og vöktun framkvæmdaaðila við leyfisveitingar í samræmi við gildandi lög og reglur.

Við undirbúning mats á umhverfisáhrifum framkvæmda ber framkvæmdaraðila að hafa samráð við fagstofnanir, m.a. Umhverfisstofnun um umfang mats og rannsóknir sem fara skulu fram vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Byggt á niðurstöðu framkvæmdamats og annarra viðeigandi gagna eru teknar ákvarðanir um leyfisveitingar.

Bent er á að auk vöktunar framkvæmdaaðila eru stundaðar rannsóknir á lífríki Mývatns og Laxár hjá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn. Einnig er unnið að verndaráætlun fyrir svæðið í samræmi við lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Bent er á að fylgjast má með ferli mats á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda og sameiginlegs mats fyrir álver, jarðhitavirkjanir og háspennulínur á NA-landi á heimasíðu Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Veiðifélagið krefst þess að öllu vatni frá virkjunum og borholum verði dælt niður fyrir neðri mörk grunnvatnsborðs. Slíkt skilyrði verði gert að forsendu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps, samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu.

Í mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra virkjana fjalla framkvæmdaaðilar m.a. um mögulegar leiðir við förgun affallsvatns og áhrif hvernar leiðar metin, sbr. matsáætlanir sem birtar eru á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is. Að því loknu er tekin ákvörðun um útfærslu framkvæmda, sem gerð er grein fyrir í deiliskipulagi.

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands, bréf dagsett 4. september 2009

Í breytingartillögu Aðalskipulags Skútustaðahrepps er ekki að finna umfjöllun um iðnaðar og orkuvinnslusvæði innan marka hálandis. Til að gæta samræmis þarf að gera ráð fyrir enn frekari stækkun til norðurs á Vestursvæði (1a) og nýju svæði syðst á Gjástykki.

Um leið og auglýstar breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, og breytingar á Svæðisskipulagi háhitasvæðanna í Þingeyjarsýslum 2007-2025 sem nú eru í ferli, hafa hlotið staðfestingu umhverfisráðherra mun sveitarstjórn óska eftir breytingu á aðalskipulaginu þar sem sýnd er stækkun á orkuvinnslusvæði til norðurs á Vestursvæði 1a, og nýtt orkuvinnslusvæði syðst í Gjástykki, til samræmis við auglýst Svæðisskipulag miðhálandisins Íslands sem einnig er í ferli.

Jafnframt er frávik frá Svæðisskipulagi Miðhálandis og breytingartillögu Aðalskipulags Skútustaðahrepps 1996-2015, lið 5g, Byggðalína-Kröflulína 3.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að lega Kröflulínu 3 verði um Sandabotnaskarð eins og sýnt er á uppdraetti m.a. vegna minni sjónrænna áhrifa. Þegar kemur að endurnýjun á Kröflulínu 2, verður hún færð til norðurs og mun liggja samsíða Kröflulínu 3 um Sandabotnaskarð.

Skipulagsstofnun, bréf dagsett 17. ágúst 2009

Meðal þeirra breytinga sem tillögur að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps og svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum fela í sér er færsla fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 frá Kröflu til austurs þannig að hún verði ekki lengur samsíða Kröflulínu 2 eins og upphaflega var áformað. Þegar kemur að mörkum skipulagssvæðis Svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 er aðeins gert ráð fyrir einni línulegu. Skipulagsstofnun hefur óskað eftir því við samvinnunefnd um miðhálandi Íslands að hún taki afstöðu til þess hvort Kröflulína 3 samræmist svæðisskipulagi miðhálandis Íslands eða kalli á breytingu á því.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að lega Kröflulínu 3 verði um Sandabotnaskarð eins og sýnt er á uppdrætti m.a. vegna minni sjónrænna áhrifa. Þegar kemur að endurnýjun á Kröflulínu 2, verður hún færð til norðurs og mun liggja samsíða Kröflulínu 3 um Sandabotnaskarð. Samvinnunefnd um Svæðisskipulag miðhálandis Íslands hlýtur að meta það á síðari stigum hvort breyting á legu Kröflulínu 3 kalli á breytingu á svæðisskipulagi miðhálandisins.

Sveitarstjórn telur að þær athugasemdir sem bárust gefi ekki tilefni til breytinga á auglýstum skipulagstillögum.

Sveitarstjórn samþykkir auglýsta tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015 til samræmingar við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, og minniháttar breytingu á svæðisskipulaginu. Sveitarstjóra falið að afla þeim staðfestingar.

4. Erindi frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti dags. 8. okt. beiðni um umsögn vegna endurskoðunar á jarða- og ábúðarlögum.

Í bréfinu kemur fram að stofnaður hafi verið vinnuhópur á vegum ráðuneytisins til að endurskoða jarða- og ábúðarlögin. Óskað er eftir afstöðu sveitarstjórnar til spurninga sem fylgja með bréfinu.

Sveitarstjóra falið að koma umsögn sveitarstjórnar á framfæri.

5. Viljayfirlýsing á milli Ríkisstjórnar Íslands, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Norðurþings.

Fyrir fundinum liggur viljayfirlýsting á milli Ríkisstjórnar Íslands, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Norðurþings um samstarf aðila á sviði orkurannsókna, orkunýtingar og atvinnuuppbyggingar í Þingeyjarsýslum. Sveitarstjórn staðfestir viljayfirlýsinguna hér með.

6. Tilnefning í verkefnahóp.

Í viljayfirlýsingu á milli Ríkisstjórnar Íslands, Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Norðurþings er kveðið á um að hvert sveitarfélag skipi einn fulltrúa í verkefnisstjórn sem bera muni ábyrgð á að leita að öðrum mögulegum samstarfsaðilum um atvinnuuppbyggingu. Auk fulltrúa sveitarfélaganna eiga sæti í verkefnisstjórninni einn fulltrúi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og einn fulltrúi frá Iðnaðarráðuneyti f.h. Ríkisstjórnar Íslands.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Margrét Hólm Valsdóttir og til vara Kristján Stefánsson.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.

